



Hafnarfirði, 23. janúar 2017

málsnr. 1608030

Umsögn vegna athugasemda náttúruverndarsamtaka suðvesturlands vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og deiliskipulagsbreytingar í Undirhlíðum.

Athugasemd:

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, dagsett 10. janúar 2017

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands mótmæla áætluðum breytingum á vatnsverndarsvæðum Hafnarfjarðar og vara við þeirri hættu sem breytingin getur valdið.

Það kemur fram í athugasemdinni að ef grunnvatnslíkan Vatnaskila hafi verið haft til grundvallar er engu líkara en að þeir sem komið hafi þeirri vinnu hafi ekki skoðað líkanið nægilega. Líkanið er lagt fram með athugasemdinni og þar kemur fram að vatn flæðir af öllu svæðinu til brunnssvæðanna.

Framkvæmdirnar kalla á gríðarlegan tækjabúnað, stórvirkar vinnuvélar og efnisflutninga til vega- og planagerðar, steypubíla, vinnuvélar og krana til að reisa möstrin, með tilheyrandi hættu á olíu- og öðrum efnaslysum bæði á byggingatíma og við eftirlit og viðhald á líftíma línumnar, auk hættu á sínmengun af möstrum. Öll mengandi efni sem berast til grunnvatns sunnan við brunnsvæðin munu berast í vatnsbólin fyrr eða síðar.

Náttúruverndarsamtokin benda einnig á að línumnar fara yfir ósnert hraun og yfir Litluborgir. Línumnar eru innan Reykjanesfólkvangs, hverfisverndar- og skógræktarsvæða.

Það kemur fram í athugasemdinni að Héraðsdómur Reykjaness hafi kveðið upp dóm þar sem umhverfismat Suðvesturlína sé haldið annmörkum og óheimilt hafi verið að gefa út framkvæmdaleyfi. Hæstiréttir hafi einnig fellt bæði eignarnám og leyfi Orkustofnunnar úr gildi vegna þess að aðrir kostir hafi ekki verð skoðaðir.

Samtökin gera þá kröfu um að Hafnarfjarðarbær láti skoða aðra möguleika á flutningi rafmags sem fórna ekki neysluvatni né útvistarsvæðum. Gerð er krafa um að leggja línumnar í jörð.



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn Umhverfis- og skipulagsþjónustu:

Líkt og kemur fram í umhverfisskýrslu vegna deiliskipulagsbreytingu Undirhlíða eru gerðar miklar kröfur um varúðarráðstafanir á framkvæmdartíma og að þær verði unnar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

- Óheimilt er að vinna innan grann- og brunnsvæða frá nóvemberbyrjun og út mars.
- Til að hindra að mengunarslys með varanlegum afleiðingum verði á vatnsverndarsvæði verður gerð sú krafa að verktakar og aðrir sem vinna þar lágmarki umferð með olíu um svæði þar sem berggrunnur er gropinn. Jafnframt verður þess krafist að á grann- og brunnsvæðum verði öllum tækjum lagt á þar til gerða dúka sem safna í sig olíu og glussa ef leki á sér stað og að einnig verði olíuhreinsunarútbúnaður alltaf til taks nálægt vinnuvélum.
- Til að lágmarka enn frekar þá mengunarhættu sem skapast við framkvæmdir verður fullnægjandi ástand vinnutækja tryggt, ásamt fullnægjandi innra og ytra eftirliti.
- Undir spennum í tengivirkjum verða olíugildrar og sérstakur eftirlitsbúnaður til að tryggja að hugsanlegur olíuleki berist ekki út í umhverfið og geti valdið mengun.
- Til að minnka dreifingu þungmálma á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar verður haft strangt eftirlit með gæðum og efnissamsetningu galvanhúðar á möstrum og þess gætt eins og kostur er að undirstöðuplan og línuvegur séu höfð á svæði sem snýr undan aðalúrkомуátt.

Það skal einnig tekið fram að í Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555 frá 19. júní 2015 kemur fram í 25. grum starfsemi, ræktunarstörf og framkvæmdir innan grannsvæða að gera þarf áhættumat áður en framkvæmdir hefjast.

Hvað varðar útskoluun á sínki þá hefur verið gerð foráhættugreining við háspennumöstur, staðsett í og við deiliskipulagssvæði Undirhlíða, til að meta líkur á útskoluun á þungmálum. Í skýrslunni Frumrannsóknir á gróðurskemmdum við háspennumöstur á Suðvesturlandi frá júlí 2007 sem unnin var hjá rannsóknarstofu UmverfisTækni hjá Línuhönnun (nú Efla) kemur eftirfarandi fram vegna hættu á síkmengun af möstrum:

Foráhættugreining metur litlar líkur á að útskoluun á sínki eða þungmálum gegnum mosajarðveg geti valdið grunnvatnsmengun. Brunninn mosi bindur sínk mjög vel. Hann mældist með hækkaðan styrk, allt að 735 mg Zn/kg (mælt meðalgildi 363 mg Zn/kg). Hinsvegar mældist ekki marktæk sínhækkuun í jarðvegi (brúnjörð), en hann er grunnur undir mosa (< 10 cm), þó að brúnjörð sé talin binda málma auðveldlega, þar eð hún er að mestu úr kolefni (9%), með hagstætt pH-gildi, og háan dreifistuðul (Kd 4.100-11.200 L/kg).

Útreikningar með jarðvegsmengunarforriti (P20) leiddu í ljós að til þess að teljandi mengun á sínki geti borist í grunnvatn þyrfri sínkstyrkur í jarðvegssýnum að



HAFNARFJÖRÐUR

mælast hærri en 12.480 mg/kg. Sínk í jarðvegi mælist svipað við möstur og fjarri þeim, um 73 mg/kg.

Eins og kemur fram í greinargerð deiliskipulagsins er gert ráð fyrir tveimur nýjum háspennulínum, allt að 400 kV, en ekki þremur, og einni 200 kV línu, sem er þegar til staðar. Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti verða í fyrstu byggðar tvær 200 kV háspennulínur í stað 400 kV þar sem ekki er þörf á meira enn sem komið er.

Öryggisafmörkun brunnsvæðisins í Mygludölum leiðir til umtalsvert stærra brunnsvæðis en grunnafmörkun gaf til kynna (mynd 22, bls. 130 í greinargerð með heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2015). Öryggisafmörkunin ákvarðast af tillögu jarðfræðinga Orkustofnunar að brunnsvæði í Mygludölum eftir jarðfræðilega úttekt í aðdraganda endurskoðunar vatnsverndar 1995 (samþykkt og útgefin 1999).

Brunnsvæðið í Mygludölum virðist hafa stækkað töluvert umfram þetta í meðfórum vinnuhóps um endurskoðun vatnsverndar sem útgefin var 1999, án þess að nokkrar skýringar þess efnis liggi fyrir.

Á þetta einungis við um Mygludali, en ekki önnur brunnsvæði á meginvatnstökusvæðinu. Í öllum öðrum tilfellum var tillaga jarðfræðinga Orkustofnunar tekin upp. Ekki eru því forsendur til að ákvarða öryggissvæði brunnsvæðis í Mygludölum umfram það sem jarðfræðileg úttekt jarðfræðinga Orkustofnunar tilgreinir.

Hvað varðar að leggja línumnar í jörð er þessi framkvæmd í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar sem samþykkt var í apríl 2014.

Vegna vísunar í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness, í máli nr. E-1121/2015, er það rétt að í málinu taldi dómurinn að umhverfismat sem fram fór vegna Suðvesturlínu hafi verið haldið svo verulegum annmörkum að óheimilt hafi verið að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli þess. Taldi dómurinn m.a. að engin sjálfstæð rannsókn né sjálfstætt mat hafi verið lagt á það hverjir kostir og gallar lagningu jarðstrengs vegna fyrirhugaðra framkvæmda væri við gerð umhverfismatsins. Dómi héraðsdóms hefur verið áfrýjað til hæstaréttar, sbr. hæstaréttarmál nr. 575/2016. Hefur málið verið sett á dagskrá réttarins þann 8. febrúar nk. Endanlega niðurstaða mun því ekki liggja fyrir fyrr en hæstiréttur hefur kveðið upp dóm í málinu. Vegna vísunar til þess að hæstiréttur hafi einnig fellt bæði eignarnám og leyfi Orkustofnunar fyrir Suðurnesjalínu 2, fellst í niðurstöðu þeirra mála að stjórnvöld hafi í þeim tilteknu tilvikum ekki gætt að meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar, sbr. og 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ber að sjálfsögðu að taka tilliti til niðurstöðu hæstaréttar eftir því sem við á hverju sinni.